



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Stöðumat á innleiðingu aðgerðaráætlunar með stefnu í málefnum eldri borgara

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara var samþykkt á fundi borgarráðs þann 6. mars 2018. Aðgerðaráætlun með stefnunni var samþykkt á fundi í velferðarráði þann 5. apríl 2019. Hér verður farið yfir þær aðgerðir sem hafa komið til framkvæmdar eða eru í vinnslu og gerð er grein fyrir hver staða þeirra er í apríl 2021 m.t.t. allra verkefna.

Greinargerð:

Í aðgerðaráætluninni eru sett fram markmið, mælikvarðar og aðgerðir. Undir hverju markmiði er mælikvarði sem á að gefa hugmynd um framvindu mála. Auk mælikvarðanna eru skilgreindar aðgerðir, ein eða fleiri, sem taldar eru stuðla að því að ná markmiðunum. Við hverja aðgerð er tilgreindur ábyrgðaraðili, kostnaður og á hvaða tímabili aðgerðin á að koma til framkvæmda. Áhersla var lögð á að tengja aðgerðirnar fjárveitingum með kostnaðarmati. Covid-19 faraldurinn og viðbrögð við honum hefur haft mikil áhrif á möguleika á að koma aðgerðum í framkvæmd, bæði vegna endurtekinna samkomutakmarkana sem hafa sett t.d. félagstarfi eldri borgara miklar skorður, auk þess sem tími starfsmanna hefur að miklu leyti farið í beinar aðgerðir tengdar því að vernda þann viðkvæma hóp eldri borgara sem er í þjónustu velferðarsviðs. Sumarið 2020 veitti Félagsmálaráðuneytið styrk til þess að auka við starfsemi og þjónustu í félagsstarfi umfram hefðbundið starf en markmiðið með honum var að rjúfa félagslega einangrun sem varð vegna covid-19. Boðið var upp á námskeiðin á öllum félagsmiðstöðvum velferðarsviðs undir leiðsögn fagfólks. Um var að ræða leiklistanámskeið, leiksýningar, tæknilæsinámskeið, námskeið um kvíða, dansleikfimi, námskeið um aukna vellíðan, hreyfing á vegum sjúkráþjálfara og hlátur námskeið.

Af þeim verkefnum sem ekki rúmuðust innan fjárheimilda hefur fengist fjármagn fyrir stöðugildi í viðbragðsteymi og fyrir næringarráðgjöf.

A. FÉLAGSAUÐUR

Markmið A1: Auðvelda aðgengi að upplýsingum um félagstarf og aðra þjónustu Reykjavíkurborgar við eldri borgara.¹

¹ Aðgerðir A1- 2, A1-3 og A1-4 er einnig að finna í stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu í Reykjavík 2017-2025

Mælikvarði: Hlutfall þeirra sem segjast vera oft einmana í „Greining á högum og líðan aldraðra á Íslandi“ minnki úr 4% árið 2016 í 3,7% 2020.

A1-1: Í þjónustuveri Reykjavíkurborgar verði ein gátt þar sem sérhæfður þjónustufulltrúi svarar fyrirspurnum um þjónustu og vísar erindum á viðeigandi aðila og staði þar sem eldri borgarar geta fengið úrlausn sinna mála, bæði varðandi þjónustu Reykjavíkurborgar og annara aðila.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála.

Tímaáætlun: 2019-2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma

Staðan í apríl 2021

Viðræður hafa verið í gangi við Þjónustu- og nýsköpunarsvið um að koma á fót sérstakri stöðu þjónustufulltrúa sem staðsettur yrði í þjónustuveri Borgartúni 12-14. Vegna vinnu við heildstæða velferðarstefnu Reykjavíkurborgar þar sem gerð verður fimm til tíu ára tíma- og verkáætlun sem mun hafa áhrif á skipulag starfseminnar og þjónustu sviðsins, ásamt vinnu við rafvæðingu umsókna, hefur verið beðið átekta um frekari útfærslu á þessari þjónustu.

A1-2: Upplýsingar um frístundastarf fyrir eldra fólk verði settar á vefsíðuna fristund.is og hún kynnt fyrir eldri borgurum. Í hverfisblöðum og á samfélagsmiðlum verði reglulegar uppfærslur um félagsstarfið.

Ábyrgðaraðilar: Framkvæmdarstjórar þjónustumiðstöðva, verkefnastjórar félagsstarfs í hverfi

Tímaáætlun: 2019-2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Komið til framkvæmdar.

A1-3: Upplýsingabæklingar um félagsstarf og dagskrá á hverri félagsmiðstöð fyrir sig liggja frammi á þjónustumiðstöð, heilsugæslustöð, bókasafni og sundlaug í viðkomandi hverfi. Þessir aðilar hafi með sér samstarf um þekkingarmiðlun og virkni. Starfsmenn heimaþjónustu/heimahjúkrunar dreifi dagskrá félagsmiðstöðva beint til notenda heimaþjónustu.

Ábyrgðaraðilar: Framkvæmdarstjórar þjónustumiðstöðva, verkefnastjórar félagsstarfs í hverfi.

Tímaáætlun: 2019-2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Vegna sóttvarna í tengslum við covid-19 faraldurinn hefur ekki verið hægt að bjóða upp á prentaða bæklinga sem liggja frammi, til skoðunar. Hins vegar hefur mikil áhersla hefur verið lögð á upplýsingar á netinu, samfélagsmiðlum og símleiðis.

A1-4: Þegar bæklingur um þjónustu fyrir eldri borgara í Reykjavík er sendur þeim sem verða 75 ára á árinu verði jafnframt sendur bæklingur um tilboð um frístundir fyrir eldri borgara og hreyfikort þess hverfis sem þeir búa í. Með þessu er verið að virkja fólk og hvetja til þátttöku í félagsstarfi, menningu og heilsuefningu.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála.

Tímaáætlun: 2019-2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Verið er að leita leiða til að koma hreyfikorti með í næsta bæklingi en þörf er á verulegri uppfærslu þeirra hreyfikorta sem til eru og koma þeim í aðgengilegra form. Verkefnastjórar félagsauðs og frístunda á þjónustumiðstöðvunum halda utan um verkefnið.

Markmið A2: Snemmtæk íhlutun gegn félagslegri einangrun.

Mælikvarði: Hlutfall þeirra sem segjast vera oft einmana í „Greining á högum og líðan aldraðra á Íslandi“ minnki úr 4% árið 2016 í 3,7% 2020.

A2-1: Reykvíkingar sem eru 90 ára og eldri án heimaþjónustu verða heimsóttir, þarfir þeirra metnar og þeim kynnt sú þjónusta sem er í boði. Ráðinn verði sérstakur starfsmaður til að sjá um verkefnið.

Ábyrgð: Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva.

Tímaáætlun: 2020 - 2022.

Kostnaður: 40 % staða virkniþjálfra, 2,7 mkr. árið 2019.

Staðan í apríl 2021

Ekki komið til framkvæmdar. Vegna covid-19 faraldursins hefur almennt ekki verið lögð áhersla á heimsóknir. Þess í stað hefur verið farið sýnilegt að nýta símann í meira mæli til þess að ná til eldri borgara. Ekki hefur verið fjárheimild til þess að ráða sérstakan starfsmann til þess að fara heim til þessa aldurshóps.

Þegar fyrsta bylgja covid-19 skall á var hins vegar hringt til íbúa sem voru 85 ára og eldri, bjuggu einir og fengu heimaþjónustu frá velferðarsviði. Þetta voru alls 734 einstaklingar. Í þriðju bylgjunni í nóvember 2020 var síðan hringt í alla aðra Reykvíkinga sem voru 85 ára og eldri, alls 853 manns sem bjuggu einir en voru ekki með þjónustu. Fyrri verkefnið var samstarf velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (VEL) við sjálfboðaliða innan Landssambands eldri borgara (LEB) og Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrennis (FEB) og Háskóla Íslands – Félagsráðgjafardeildar (HÍ) en hið seinna var framkvæmt af starfsfólki af menningar- og ferðamálasviði á meðan söfn borgarinnar voru lokað vegna samkomutakmarkana. Í þessum samtölum var þjónusta velferðarsviðs kynnt íbúum og þeim leiðbeint á rétta staði.

A2-2. Á öllum félagsmiðstöðvum verði komið á laggirnar nýliðakaffi þar sem gestgjafar/sjálfboðaliðar taka á móti nýju fólki og veita jafningjastuðning. Sjálfboðaliðarnir séu bæði karlar og konur. Fjölskyldum viðkomandi aðila sé boðið með í nýliðakaffið og komið verði á tengslum við tengiliði þeirra sem eru í aðlögun. Á hverju misseri verði haldin kynningarhátíð á félagsstarfinu þar sem starfsfólk og leiðbeinendur verða til staðar.

Ábyrgðaraðilar: Verkefnisstjórar félagsstarfs í hverfi.

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst 2019, framkvæmd hefst 2020.

Kostnaður: 60 % stöðugildi virkniþjálfra til að halda utan um sjálfboðaliðastarf á öllum félagsmiðstöðvum. 4 mkr. árið 2020.

Staðan í apríl 2021

Öflugt kynningarstarf fer að jafnaði fram hjá flestum félagsmiðstöðvum og Korpúlfar í Grafarvogi halda kynningarhátíð á hverju hausti. Samkomutakmarkanir vegna covid-19 faraldursins og það að ekki hefur verið fjárheimild til verkefnisins hefur haft þau áhrif að aðgerðin hefur ekki komið til framkvæmda.

A2-3: Í öllum félagsmiðstöðvum verði virkniþjálfar sem í samvinnu við starfsmenn heimaþjónustu fara heim til þeirra sem eru félagslega einangraðir og tengja þá sjálfboðaliðum í nýliðakaffi.

Ábyrgðaraðilar: Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva, verkefnastjórar félagsstarfs í hverfi.

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst 2019, framkvæmd 2020.

Kostnaður: 1 m.kr. á ári í veitingar o.fl. í nýliðakaffi.

Staðan í apríl 2021

Ekki komið til framkvæmdar. Vegna covid-19 faraldursins hefur almennt ekki verið lögð áhersla á heimsóknir. Þess í stað hefur verið farið sýnilegt að nýta símann í meira mæli til þess að ná til eldri borgara. Þegar fyrsta bylgja covid-19 skall á var hringt til til íbúa sem voru 85 ára og eldri, bjuggu einir og fengu heimaþjónustu frá velferðarsviði. Þetta voru alls 734 einstaklingar. Í þriðju bylgjunni í nóvember 2020 var síðan hringt í alla aðra Reykvíkinga sem voru 85 ára og eldri, alls 853 manns sem bjuggu einir en voru ekki með þjónustu. Fyrsta verkefnið var samstarf velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (VEL) við sjálfboðaliða innan Landssambands eldri borgara (LEB) og Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrennis (FEB) og Háskóla Íslands – Félagsráðgjafardeildar (HÍ) en hið seinna var framkvæmt af starfsfólki af menningar- og ferðamálasviði á meðan söfn borgarinnar voru lokað vegna samkomutakmarkana. Fjárheimild fyrir aðgerðina hefur ekki verið fyrir hendi né aðstæður leyft það.

A2-4: Á öllum félagsmiðstöðvum verði starfandi gönguhópar fyrir mismunandi getustig eldri borgara.

Ábyrgðaraðilar: Framkvæmdarstjórar þjónustumiðstöðva, verkefnastjórar félagsstarfs í hverfum.

Tímaáætlun: Innleiðing hefst á árinu 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Komið til framkvæmdar.

Markmið A3: Starf meðal eldri borgara stuðli að tengingu milli kynslóða.²

Mælikvarði: Skipulögð samvera fjölskyldna á félagsmiðstöðvum a.m.k. einu sinni á ári.

A3-1: Á félagsmiðstöðvum verði haldin hálf dags námskeið fyrir ömmur og afa og barnabörn þeirra, t.d. smíðanámskeið, handavinnunámskeið, jólaþöndur, páskaskreytingar ofl. Virkniþjálfari sjálfboðaliðastarfs heldur utan um verkefnið.

Ábyrgðaraðilar: Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva.

Tímaáætlun: Hefst 2020.

Kostnaður: 2 m.kr. vegna yfirvinnu starfsmanna og/eða leiðbeinenda um helgar.

Staðan í apríl 2021

Ýmis verkefni sem miða að því að tengja saman kynslóðir hafa verið í gangi eftir því sem aðstæður hafa leyft. Samkomutakmarkanir hafa sett verkefninu skorður og fjárheimild hefur ekki verið fyrir hendi.

A3-2: Háskólanemi leigi þjónustuíbúð í þjónustukjarna fyrir aldraða og starfi við félagslega umönnun og virkni á staðnum.

Ábyrgðaraðilar: Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar, forstöðumaður þjónustuíbúðakjarna.

Tímaáætlun: 1. júlí 2019 til 30. júní 2020.

Kostnaður: 1,6 m.kr. á ári.

Staðan í apríl 2021

Nemi á sviðslistabraut Listaháskóla Íslands bjó í þjónustuíbúð í Norðurbrún 1, allt árið 2020. Þegar hann flutti út í byrjun árs 2021 var ákveðið að vegna faraldurs og samkomutakmarkana sem honum fylgja, að fresta því að fá nýjan nema til búsetu.

² Aðgerð A3-1 er einnig að finna í stefnu Reykjavíkurborgar um frístundþjónustu í Reykjavík 2017-2025

B. MATARÞJÓNUSTA

Markmið B1: Tryggja rétta næringu fyrir hruma eldri borgara og eldri borgara við góða heilsu.³

Mælikvarðar: Vinnulag sé til staðar um eftirlit með næringarviðmiðum. Allar máltíðir í matarþjónustu velferðarsviðs standist næringarviðmið.

B1-1: Ráðleggingar Embættis landlæknis um næringu eldra fólks við góða heilsu og hruma eldri borgara verða notaðar við samsetningu máltíða. Ráðinn verði næringarfræðingur til að sjá um útreikninga á næringarinnihaldi þeirra rétta sem boðið er uppá frá framleiðslueldhúsinu.

Ábyrgðaraðilar: Framkvæmdarstjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, deildarstjóri fjármála og reksturs, yfirmatreiðslumaður framleiðslueldhúss.

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst 2019.

Kostnaður: 50% stöðugildi næringarráðgjafa. 4,3 m.kr. árið 2020.

Staðan í apríl 2021

Komið til framkvæmdar.

B1-2: Næringarinnihald allra máltíða verði aðgengilegt á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Ábyrgðaraðili: Upplýsingateymi Ráðhúsi.

Tímaáætlun: Innleiðing hefst á árinu 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Komið til framkvæmdar.

Markmið B2: Þeir sem eru í hættu vegna vannæringar fá eftirlit og stuðning frá velferðarsviði.

Mælikvarði: Næringarviðmiðum Landlæknis verði fullnægt.

B2- 1: Hefja reglubundna skimun fyrir næringarástandi fólks sem nýtur máltíðaþjónustu velferðarsviðs.

Ábyrgðaraðilar: Framkvæmdarstjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Tímaáætlun: Í byrjun árs 2020 verður aukið við samning verktaka.

Kostnaður: 50% stöðugildi, 10 m.kr.

Staðan í apríl 2021

Ekki komið til framkvæmdar. Ekki hefur verið fjárheimild til verkefnisins.

B2-2: Samstarfi verði komið á við útskriftarteymi LSH um að tilkynna eigi sérstaklega þegar um vannæringu hjá þeim sem útskrifaðir eru í heimaþjónustu/heimahjúkrun. Þeir sem greinast með vannæringu á LSH eftir skimun fáí boð um eftirfylgd og næringarráðgjöf frá heimaþjónustu.

Ábyrgðaraðilar: Deildarstjórar heimaþjónustu.

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst árið 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Þessar upplýsingar eiga að fylgja með við útskrift en skerpa þarf á verklagi.

C. SÉRHÆFÐ AÐSTOÐ VEGNA HEILABILUNAR

Markmið C1: Samstarf við heilbrigðisráðuneytið um að koma á fót sérhæfðri þjónustu fyrir heilabilaða svo fólk geti búið lengur heima.

³ Aðgerð B1-1 og B2-1 er einnig að finna í aðgerðaáætlun með matarstefnu Reykjavíkurborgar 2018-22.

Mælikvarðar: 100 milljón króna aukning í heimahjúkrun.

C1-1 : Útvega fjármagn frá heilbrigðisráðuneytinu.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofustjóri skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála.

Tímaáætlun: Á árinu 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Reykjavíkurborg og Sjúkratryggingar Íslands gerðu með sér nýjan samning um heimahjúkrun í Reykjavík til fjögurra ára. Samningurinn tók gildi þann 1. janúar 2021. Þar er bókun um að á samningstíma skuli sérstaklega samið um stofnun sérstaks teymis fyrir heilabilaða.

Markmið C2: Sérhæfður stuðningur við einstaklinga með heilabilun og aðstandenda þeirra til þess eða að seinka eða koma í veg fyrir flutning á hjúkrunarheimili.

Mælikvarði: 20 heilabilaðir einstaklingar fá sérhæfðan félagslegan stuðning á heimili sínu á árinu 2020.

C2-1: Í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið verði komið á fót miðstöð fyrir sérhæft þverfaglegt teymi í þjónustu við heilabilaða. Ríkið leggi til 2 stöðugildi hjúkrunarfræðinga og 2 stöðugildi sjúkraliða.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofustjóri skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála.

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst með viðræðum við ráðuneytið 2020.

Kostnaður: 2 stöðugildi félagsliða. 11,5 m.kr. árið 2020.

Staðan í apríl 2021

Reykjavíkurborg og Sjúkratryggingar Íslands gerðu með sér nýjan samning um heimahjúkrun í Reykjavík til fjögurra ára. Samningurinn tók gildi þann 1. janúar 2021. Þar er bókun um að á samningstíma skuli sérstaklega samið um stofnun sérstaks teymis fyrir heilabilaða.

C2-2: Í miðstöð heilabilunar verði starfrækt sveigjanleg dagdvöl fyrir fólk með heilabilun þar sem opið verður í samræmi við þarfir, t.d. um kvöld og helgar. Sótt verður um leyfi fyrir rýmum.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri skrifstofu öldrunar- húsnæðismála.

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst með viðræðum við ríkið árið 2019. Framkvæmd 2020

Kostnaður: Daggjöld frá heilbrigðisráðuneyti.

Staðan í apríl 2021

Reykjavíkurborg og Sjúkratryggingar Íslands gerðu með sér nýjan samning um heimahjúkrun í Reykjavík til fjögurra ára. Samningurinn tók gildi þann 1. janúar 2021. Þar er bókun um að á samningstíma skuli sérstaklega samið um stofnun sérstaks teymis fyrir heilabilaða.

C2-3: Tilraunaverkefni þar sem einstaklingar með heilabilun fá sérhæfðan félagslegan stuðning á heimili sínu. Starfsmennirnir fá hjálfun og faglegt bakland frá sérhæfðu teymi á miðstöð heilabilunar.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála.

Tímaáætlun: Hefst 2020.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Aðgerðin er í drögum að reglum um stuðningsþjónustu sem fyrirhugað er að taki gildi og komi til framkvæmdar haustið 2021.

Markmið C3: Fjölga almennum og sérhæfðum dagdvölum til þess að koma í veg fyrir eða seinka flutningi á hjúkrunarheimili.

Mælikvarði: Biðlisti á hjúkrunarheimili stýttist um 10%. Aukin ánægja eldri borgara og aðstandenda þeirra.

C3-1: Koma á fót sérhæfðri dagdvöl svo hægt verði að veita eldri borgurum tímabundna þjónustu eftir veikindi og áföll og til þess að fyrirbyggja innlögn á sjúkrahús.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofustjóri skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar í viðkomandi hverfi.

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst 2019. Framkvæmd 2020.

Kostnaður: Daggjöld frá heilbrigðisráðuneyti.

Staðan í apríl 2021

Óformlegar viðræður við heilbrigðisráðuneytið hafa átt sér stað. Þær hafa ekki borið þann árangur að ástæða sé til að senda formlega beiðni til ráðuneytis. Áfram verður unnið að því að ná samkomulagi og í framhaldi samningi við Sjúkratryggingar um rekstur slíkrar dagdvalar.

C3-2: Fjölga almennum dagdvölum á vegum velferðarsviðs um tvær, þar af ein í austurhluta borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri skrifstofu öldrunar- og húsnæðismála, framkvæmdastjórnar þjónustumiðstöðva í hverfum.

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst 2019. Framkvæmd 2020.

Kostnaður: Daggjöld frá heilbrigðisráðuneyti.

Staðan í apríl 2021

Aðgerð í vinnslu.

D. SÉRHÆFÐ TEYMI

Markmið D1: Sérhæfð þjónusta verði veitt eldri borgurum sem þurfa á aðstoð að halda í heimahúsum og í þjónustuíbúðum aldraðra.

Mælikvarðar: Innlögnum á bráðadeildir fækki. Aukin ánægja eldri borgara og aðstandenda þeirra.

D1-1: Hlutverk viðbragðsteymis verði útvíkkað og sérhæft starfsfólk veiti eldri borgurum sem eru í heimahúsum og með fíknivanda aðstoð. Teymið veiti jafnframt starfsfólki og einstaklingum í þjónustuíbúðum stuðning. Eitt stöðugildi félagsráðgjafa með sérfræðipækkingu í fíknivanda og tvö stöðugildi almennra starfsmanna.

Ábyrgðaraðili: Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Laugardals- og Háaleitis.

Tímaáætlun: Hefst 2020.

Kostnaður: Eitt stöðugildi félagsráðgjafa og tvö stöðugildi almennra starfsmanna. 23,3 m.kr. árið 2020.

Staðan í apríl 2021

Komið til framkvæmdar.

Markmið D2: Skilvirk aðstoð af réttum aðilum á réttum tíma.

Mælikvarði: Færri innlagnir á sjúkrahús og styttri legutími. Ánægja notenda og aðstandenda.

D2-1 : Úthlutunarteymi öldrunarmála velferðarsviðs verði komið á og mun í samræmi við þarfagreiningar úthluta plássum í dagdvalir bæði almennar og sértækar, hvíldarinnlagnir (í samstarfi við hjúkrunarheimilin), viðbragðsteymi, sérhæft heilabilunarteymi, þjónustuíbúðir og félagsstarf með stuðningi.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála.

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst árið 2019. Framkvæmd 2020.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Undirbúningur hófst með þátttöku lykilstarfsmanna í Gróðurhúsi sem er vinnustofa í þjónustuhönnun á vegum Reykjavíkurborgar. Vegna vinnu við velferðarstefnu Reykjavíkurborgar sem mun marka leiðina í þessum efnum enn frekar, ásamt vinnu við rafvæðingu umsókna hefur verið beðið átekta um frekari útfærslu á þessari þjónustu.

E. MANNAUÐUR

Markmið E1: Þekking aukin í öldrunarþjónustu m.a. með því að komast að því hvað eldri borgarar telja að hverfi þurfi að innihalda til að hámarka lífsgæði þeirra sem þar búa.

Mælikvarði: Áreiðanlegar upplýsingar úr öllum hverfum.

E1- 1: Notendaráð á félagsmiðstöðvum miðli innsýn og hugmyndum í tengslum við hvað þarf að gera til að hverfið þeirra verði meira aldursvænt. Aðferðafræði rýnihópa verði beitt við upplýsingaöflun.

Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri gæða- og rannsókna.

Tímaáætlun: 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Teymi árangurs- og gæðamats mun framkvæma rannsóknina haustið 2021.

E2- 1: Framkvæmdar verði þjónustukannanir í einni almennri dagdvöl, tveimur félagsmiðstöðvum og tveimur þjónustuíbúðakjörnum og meðal hluta eldri borgara sem fá heimaþjónustu.

Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri gæða- og rannsókna.

Tímaáætlun: Hefst 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Teymi árangurs- og gæðamats mun framkvæma rannsóknina haustið 2021.

E1-3: Árlega verði haldin hálf dags málstofa fyrir allt starfsfólk heimaþjónustu, starfsfólk í þjónustuíbúðakjörnum, dagdvölum og hjúkrunarheimilum. Í málstofunni verði tryggt að starfsfólk fái fræðslu frá Samtökunum 78 um hinsegin fólk og sérfræðingunum í innflytjendamálum um það að eldast í nýju landi.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri Mannauðsdeildar.

Tímaáætlun: 2019-2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Staðan í apríl 2021

Komið til framkvæmdar.